

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 271/2014

2015/EES/71/18

frá 12. desember 2014

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)  
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 890/2014 frá 14. ágúst 2014 um samþykki fyrir virka efninu metóbrómúróni, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 891/2014 frá 14. ágúst 2014 um samþykki fyrir virka efninu aínópýralíði, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 <sup>(2)</sup>.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 916/2014 frá 22. ágúst 2014 um samþykki fyrir grunnefninu súkrósa, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 <sup>(3)</sup>.
- 4) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 917/2014 frá 22. ágúst 2014 um samþykki fyrir virka efninu *Streptomyces lydicus* af stofni WYEC 108, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 <sup>(4)</sup>.
- 5) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 918/2014 frá 22. ágúst 2014 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar skilyrði fyrir samþykki fyrir virka efninu ógreinótt fíðrildaferómón <sup>(5)</sup>.
- 6) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 921/2014 frá 25. ágúst 2014 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar skilyrði fyrir samþykki fyrir virka efninu tebúkónasóli <sup>(6)</sup>.
- 7) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 922/2014 frá 25. ágúst 2014 um samþykki fyrir virka efninu metaflúmísóni, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 <sup>(7)</sup>.
- 8) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

I. gr.

Ákvæði XV. kafla II. viðauka við EES-samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliðið bætist við í lið 13a (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011):
  - „– **32014 R 0890**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 890/2014 frá 14. ágúst 2014 (Stjtið. ESB L 243, 15.8.2014, bls. 42),
  - **32014 R 0891**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 891/2014 frá 14. ágúst 2014 (Stjtið. ESB L 243, 15.8.2014, bls. 47),
  - **32014 R 0916**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 916/2014 frá 22. ágúst 2014 (Stjtið. ESB L 251, 23.8.2014, bls. 16),

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 243, 15.8.2014, bls. 42.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 243, 15.8.2014, bls. 47.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 251, 23.8.2014, bls. 16.

<sup>(4)</sup> Stjtið. ESB L 251, 23.8.2014, bls. 19.

<sup>(5)</sup> Stjtið. ESB L 251, 23.8.2014, bls. 24.

<sup>(6)</sup> Stjtið. ESB L 252, 26.8.2014, bls. 3.

<sup>(7)</sup> Stjtið. ESB L 252, 26.8.2014, bls. 6.

- **32014 R 0917**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 917/2014 frá 22. ágúst 2014 (Stjtið. ESB L 251, 23.8.2014, bls. 19),
  - **32014 R 0918**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 918/2014 frá 22. ágúst 2014 (Stjtið. ESB L 251, 23.8.2014, bls. 24),
  - **32014 R 0921**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 921/2014 frá 25. ágúst 2014 (Stjtið. ESB L 252, 26.8.2014, bls. 3),
  - **32014 R 0922**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 922/2014 frá 25. ágúst 2014 (Stjtið. ESB L 252, 26.8.2014, bls. 6).“
2. Eftirfarandi liðir bætist við á eftir lið 13zzzzf (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 632/2014):
- „13zzzzg. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 890/2014 frá 14. ágúst 2014 um samþykki fyrir virka efninu metóbrómúróni, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (Stjtið. ESB L 243, 15.8.2014, bls. 42).
  - 13zzzzh. **32014 R 0891**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 891/2014 frá 14. ágúst 2014 um samþykki fyrir virka efninu aínópýralíði, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (Stjtið. ESB L 243, 15.8.2014, bls. 47).
  - 13zzzzi. **32014 R 0916**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 916/2014 frá 22. ágúst 2014 um samþykki fyrir grunnefninu súkrósa, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (Stjtið. ESB L 251, 23.8.2014, bls. 16).
  - 13zzzzj. **32014 R 0917**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 917/2014 frá 22. ágúst 2014 um samþykki fyrir virka efninu *Streptomyces lydicus* af stofni WYEC 108, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (Stjtið. ESB L 251, 23.8.2014, bls. 19).
  - 13zzzzk. **32014 R 0922**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 922/2014 frá 25. ágúst 2014 um samþykki fyrir virka efninu metaflúmísóni, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 (Stjtið. ESB L 252, 26.8.2014, bls. 6).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerða (ESB) nr. 890/2014, (ESB) nr. 891/2014, (ESB) nr. 916/2014, (ESB) nr. 917/2014, (ESB) nr. 918/2014, (ESB) nr. 921/2014 og (ESB) nr. 922/2014, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 13. desember 2014, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist (\*) eða gildistökudag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 203/2014 frá 30. september 2014 (8), hvort sem ber upp síðar.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

(8) Stjtið. ESB L 202, 30.7.2015, bls. 57, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 43, 30.7.2015, bls. 57.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 12. desember 2014.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Kurt Jäger**

formaður.